

AUGLÝSING**um vinnumiðlun í Ölfushreppi í Árnassýslu.**

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956 um vinnumiðlun, hefur félagsmálaráðherra ákveðið, að vinnumiðlun skuli starfrækt í Ölfushreppi í Árnassýslu.

Um framkvæmd vinnumiðlunarinnar fer eftir lögum nr. 52/1956 með breytingu nr. 71/1969, um vinnumiðlun og reglugerð um vinnumiðlun nr. 130/1956.

Félagsmálaráðuneytið, 8. október 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 262.

8. október 1969.

AUGLÝSING**um að lög nr. 29 7. apríl 1956 um atvinnuleysistryggingar, skuli taka til Ölfushrepps í Árnassýslu.**

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 29/1956 um atvinnuleysistryggingar, hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið, að lög um atvinnuleysistryggingar skuli taka til Ölfushrepps í Árnassýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 8. október 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 263.

2. október 1969.

REGLUR**um breytingu á reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra nr. 11 20. janúar 1953.**

1. gr.

46. grein reglnanna orðist þannig:

Skip minni en 150 brl., skulu búin stórsegli, fokku og skutsegli. Ef seglin eru ekki uppsett, verða þau að vera þannig útbúin, að fljótlegt sé að setja þau upp, og geymd skulu þau þar, sem þau verða ekki fyrir skemmdum, en eru jafnan tiltæk.

Skipaskoðunarstjóri ákveður seglbúnað skipa, sem eru þannig gerð, að ekki er mögulegt að koma fyrir seglum þeim, sem að ofan greinir.